Ad vijsu: 1) því so hefir Gud bodid oss, segiandi: Lætid ydart Lioos lysa fyrir mønnunum, ad þeir siæi ydar goodverk, og dyrki fadur ydar a himnum. Matth. 5. 2) Er vor trwa hræsni og hiegoomi, nema hun avglysist i goodum verkum, so sem Post. segir: Trwinn er ann verkanna dauð. Jac. 2, 26.

136. Fyrir hvad verdur madur rettlætur og saluhoolpinn?

Alleinasta af Guds naud, fyrir trwna a Jesum Christum. Post. segir: So holdum ver nw þad, ad madur verdi rettlætur ann løgmaalsins verka, fyrir trwna alleina. Rom. 3. 28.

137.

137. Hvar í Fræðinum getur um trúna?

Í audrum partinum, sem eru trúvargreinirnar.

Um Trúvar-greinirnar.

138. Um hvad hondla trúvargreinirnar?

Um Gud, hanns veru, og verk.

139. Hvar af veitstu ad Gud er til?

1) Se eg pad af dásamligri skapun allra hluta, sem sialfir gatu eigi giort sig. 2) Vottar pad samvitskan, er hun sí opt bendir mer til ens æðsta dómara, sem hun gledst af godum verkum, og hryggist af illum athöfnum. 3) Kennir mer pad h. ritning.

140.

140. Hvad er Gud?

Gud er einn andi, sem verid hefir fraa eilifu, almættugur, alvitur, allstadar nalægur, rettlatur, heilagur, goodur, og miskunsamur; einn ad verunni, enn prennur ad persoonunum.

141. Eru þau þrijr Gudir, fyrst þriar eru persoonurnar?

Nei; Gud er ad sonnu einn, enn persoonur Guddomisins eru þriar, Fadirinn, Sonurinn og heilagur Andi.

142. Skilur þu af naatturunni þessa Guddoomisins persona adgreiningu?

Nei: þad læri eg af Guds ordi, er þad segir: þrijr eru þeir sem vitnisburdinn gefa a himni, Fadirinn,

diriinn, Ordid, og h. Andi, og þessir þrijr eru eitt. 1 Joh. 5. 6.

143. Hvor eru þau verk sem til einkast hvorri personu Guddoomsins serilagi?

Það er Skopunin, Endurlausnin, og Helgunin; þo hafa allar personurnar verid samverkandi i þeim utvortis verkum, sem nu til skapadra hluta.

144. Um hvad hendlar fyrsta Grein trwarjatnjngarinnar?

Um skopunina.

ut af Fyrstu Greininni.

145. Hvor hefur skapad þig?

Gud Fadir, asamt med sijnum syni og h. Anda.

146.

146. Hvad hefir Gud skapad meira?

Himin og jord, og alla hluti, sem til eru.

147. Hvar af skapadi Gud alt petta?

Hanns almattuga hond giordi alt hvad er, af avngvu efni: og sem Paulus segir: Hann bavd pvi sem ecki var ad verda nockud. Rom. 4. 17.

148. Nær skapadi hann heiminn?

I Upphafi tijmans.

149. Var Gud marga daga ad skapa?

Sex daga: enn ai peim siounda hvijldist hann, pad er hætti ad skapa.

150. Hvornin vidhelst heimurinn og allir skapadir hlutir?

Pad skedur fyrir Guds fyrirhyggiu og omælilegt almætti, sem eigi lætur nockud

nockud af sjinum verkum raskast, eda gaunga til burdar. Ebr. 1.

151. Hvi giorir hann betta?

Bad giorir hann af sinni skærri, fodurligri, gudligri goodgirnd og miskun.

152. Hvor er skylda vor vid Gud fyrir bad hann hefur skapad oss, vidheldur, og vardveitir oss?

Ver eigum honum lof og backir ad giora, honum adbioona og hlydnir ad vera, alla vora lifsdaga.

153. Hvad margskonar hluti skoop Gud i sndverdu?

Tvennslags 1) ba synilegu eda lijkamligu. 2) osynilegu eda andlegu, sem eru englarnir og saalin manns.

154.

154. Hvört var það veglegasta er Gud skapadi?

Þær skynugu skepnurnar, sem eru englarnir og madurinn.

155. Eru englarnir margslags?

Tvennslags: goodir englar, og vondir.

156. Voru þai nockrir skapadir vondir?

Nei: Satan og þeir vondu andar fellu fra þeim medskapta heilagleika, og urdu sijdan wtskwfadir i helvijti.

157. Hvad adheft Diofullinn og þeir vondu andar?

Þeir hata Gud, vilia giora manninum alt hid illa, og svijka hann til syndarennar. Post. segir: Ydar mootstandari Diofullinn gengur um krijng sem greniandi leon, leitan-

leitandi ad peim sem hann kunni upp ad svelgia. 1 Pet. 5. 8.

158. Hvor er idia og embætti godu englanna?

Peir lofa skaparann, og eptir hans bodi vernda Guds born vid hætta og slisum. Ebr. 1. 14.

159. Hefir madurinn marga verulega parta?

Tvo, sal og likama.

160. Hvad er sal mansins?

Hun er einn odavdligur andi, giæddur med skynsemi og vilia, samt audrum eiginlegleikum.

161. Hvad er likami mansins?

Hann er forgengiligt og davdligt herbergi salarinnar, prydt af Gudi med sinnum skilningar vitum, sem eru sioonin, heyrnin, luktanin, sneckurinn og tilfinningin.

162.

162. Hvad marga menn skoop Gud i fyrstu?

Adam og hanns kvinnu Evu: manninn myndadi Drottinn af jardarleyri, og blies par inn lifandi anda, eda saalunni: enn kvinnuna skoop hann af Adams rifbeini, medan hann svaf.

163. Voru pessir vorir fyrstu foreldrar syndugir af upphafi?

Nei: Gud skoop pau heilaga, eptir sinni mynd.

164. Hvilik var su Guds mynd?

Hun var innifalinn i vijsdoomi, rettlæti, og heilagleika: og petta saalarinnar ajsigkomulag dropog lijkingin af saalfs Guds eiginnlegleikum.

165. Nær mistu þau þessa Guds mynd?

Strax sem þau brutu Guds bod, og atu af avexti þess forbodna trés, eftir aleggian Diofulsins; því þá spiltist þegar þeirra saalar og lijkamans edli.

166. Hvada straff leiddu þaug yfir sig og sijna afkomendur med þessari synd?

Guds reidi, tijmanligann, andligann, og eilijfann dauda. Post. segir Syndinn er fyrir einnmann kominn i heiminn, og daudinn fyrir syndina 2c. Rom. 5.

167. Kiunnu ver ad fa aptur þau taupudu Guds mynd?

Jau eitt Guds barn endur skapast til hennar fyrir trwna her i heimi, enn

enn odlast hana fullkomliga annars heims.

168. Er mannsins stand margfaldt?

Ferfaldt. 1) Heilagleikans stand, fyrr enn madurinn fiell. 2) Syndarinnar stand. 3) Naadarinnar stand. 4) Dyrdarinnar stand, peim sem verda sælu hoolpnir, enn Fordæmingar stand peim sem fordapast.

169. Í hvoriu standi erum ver nu?

Í syndarinnar standi, pvi ver syndgum: og undir eins i naadarinnar standi, er ver niotum naadar Guds fyrir Jesum Christum.

wt af Annari Greininni.

170. Um hvad hendlar aunnur grein Tvar-jamningarinnar?

Um Jesum Christum, og pat endurlausn er hann afrekadi oss.

171. Hvor er Jesus Kristur?

Hann er su aunnur persoona Gudddoomsins, sannur Gud og sannur madur.

172. Hefur pa Kristur tvær persoonur?

Nei: alls eina, so sem Post. segir: par er einn Gud, og einn medalgangari millum Guds og manna, madurinn Jesus Kristur. 1 Thim. 2. 5.

173. Hefur Kristur margar naturur?

Tvær; þa Guddoomlegu natturuna; og þa manndoomligu, sem er sal og lijkami: enn badar þessar natturur byggia i einni persoonu.

174. Af hvorium hefur Kristur sijna guddomlegu natturu?

Af sijnum Faudur fra eilijfd.

175. Hvadan kom honum su mannliga natturan?

Af sinni modur Mariu, sem var Josephs festarmey.

176. Af hvorium var Jesus getinn?

Af H. Anda, þad er Guds Andi tilbioo og helgadi jomfrw Mariu modur lijf, so Kristur fæddist af henni

hreinn og heilagur, ann mannligs tilverknadar.

177. Hvad þyda nefnin Jesus, og Kristur?

Jesus merkir frelsara: enn ordit Kristur utleggst smurdur; og er sammu þydingar sem Messias.

178. Hvi kallumst ver Kristnir?

Þad nafn hofum ver af Christo, þvi ver odlumst og so smurning H. Anda: þad er trwna, og andliga krapta til þess goda.

179. Hefur Kristur margt embætti?

Þriu: spamannligt, kennimannligt, og konungligt.

180. Í hvoriu var innifalid Christi spamannliga embætti?

Í því ad kenna og opinnbera monnum Guds vilia og raad til saluhialparinnar.

181.

181. Hvad er Christi kennimannliga embætti?

Ad fullnægia fyrir vorar syndir, med því ad gefa sitt lijf i daudann. Þar næst ad bidia fyrir oss hiá sjónum himneska Fauduri: og þetta hanns prestsembætti heyrir einkannliga til voru endurlausnar verki.

182. Hvad giorir Kristur eptir sínu konungliga embætti?

Hann stiornar, vidheldur og verndar sína kristni.

183. Eptir hvorri naturunni hefir Kristur endurleyst oss?

Eptir badum naturunum: post. segir. Gud hefir urvegad sér sofnud med sínu eigin bloodi. Act. 20.

184. Hefir Kristur endurleyst alla menn?

Jau, vissuliga: enn þeir rettrwudu nioota einasta hanns lavsnar gialds. Post. segir. Kristur hefir sialfann sig utgiefid fyrir alla, til endur lavsnar. 1 Thim. 2. 6 Hann er forlijkun fyrir allrar veraldarinnar syndir. 1 Joh. 2. 2.

185. Med hvoriu hefir Kristur endurleyst oss?

Ecki med gulli nie silfri, heldur med sijnu dyrmæta bloodi, og med sijnum saklavsa dauda, og logmalsins uppfyllingu.

186. Fra hvoriu hefir Kristur endurleyst oss?

Fra syndinni, daudanum og Djoflinum.

187.

187. Hvernin hefir Kristur frelsad oss frá syndinni?

Þannig, ad ver erum frelsadir frá syndarinnar ríkinu, og ad ver fyrir Christi kraft, kunnum ad móstrijda syndinni, ad hún eigi drottni yfir oss.

188. Hvad er það, ad Kristur hefur frelsad oss frá dauda-num?

Það er 1) ad sú tilhneigíng dauda verdur oss ad aubata, og inngaungi til eilífs lífs. 2) Andligi dauddinn hefir misst sína magt, því ver lifum í Christo fyrir trúna. 3) Fyrir þann eilífa dauda þurfa Guds börn eigi ad óttast.

189. Hvernin hefir Kristur frelsad oss frá Djöflunum?

Það ver erum eigi framar hans þjónar, eignadóttur, eda undir hans valdi.

190. Til hvors hefur Kristur endurleyst oss?

Ad ver, sem hanns endurkeypt born, lifum i hanns rijki, og þiosnum honum.

191. Er Christi stand margfaldt?

Tvofaldt, nidurlægingar- og upphafningar-standid.

192. Jhvorju var inuifalin Christi nidurlæging?

Jþvi, ad hann, eftir manndoominum, lagdi nidur fullkomna, og iafnadarliga brwkun sinna guddoomligra eiginnlegleika.

193. Vorn margar treppur i Christi nidurlægingar standi?

Fim. 1) Hanns fastæklig fæding. 2) pijnann. 3) krosfestinginn. 4) daudann. 5) greftraninn.

194.

194. Leid Kristur alleina ad lijkamanum?

Nei: hann leid einninn ad saalunni, sem hann sagdi: Mijn saal er hrygg alt til davda. Math. 26. 38.

195. Þvi let Kristur grefstra sinn lijkama?

1) So hann vinnadi þar med ad hann væri sannarliga dainn. 2) Til ad helga vorar grafir; þad er, giora þær oss ad sælum og roosaumum hvijldarstad.

196. Eru margar treppur i Christi upphafningar standi?

Fimm: 1) endurlijfgunin. 2) nidurstigninginn til helvijtis. 3) uppprisann. 4) himna forinn. 5) ad hann settist til Faudurfins hægri handar.

197. Hvor endur lifsgadi Jesum af davdanum?

Hann sialfur, bædi eftir sinni gudddoomligri og manndoomligri natturu, ásamt med Faudurnum og helgum Anda.

198. Hvar fyrir ste Kristur nidur til helvijtis?

Til ad hroosa sigri yfir davdanum og Diofulsins magt.

199. Nær uppreis Kristur fra davdum?

Snemma a sunnudags morgun, sem nu heitir paskadagur.

200. Dvaldi Kristur lengi a jordunni eftir upprisuna?

I fiorutijn daga, og a medan predikadi hann fyri sijnum læriſveinum og utsendi postulana.

201. Hvort fóor Kristur eptir þad?

Hann stie upp til himna, og setti sig til sijns Faudurs hægri handar.

202. Hvad merkir þad, ad Kristur settist til Faudurs hægri handar?

Þad hefur þann skilning, ad hanns manndomligt edli upphafdist til gudomligrar hattignar, til ad stiorna ollum hlutum, sem almattugur Gud.

203. Er Kristur eigi framar nalægur her a jerdunni?

Ad vijsu: enn þo osyniliga, so sem hann sagdi: Sia eg em hia ydur alla daga, alt til veralldarinnar enda. Matth. 28.

204. Hvenær mun hann birtaſt aptur ſyniliga?

Á efſta deigi, í ſkyum himins, til ad dæma lifendur og davda.

205. Nær mun þad ſke?

Þad veit Gud einnſaman; og þeſſvegna eigum ver alltid ad vera vakandi, og bvnir vid vorum vitiunartijma.

Ut af þridiu Greininni.

206. Um hvad hendlar þridia greinin?

Um heilagann Anda, og hanns naadar verkanir vid oſſ.

207. Hvor er H. Andi?

Hann er ſu þridia perſoona gudddoomſins, ſannur Gud, framgangandi fra eilijfd, af Faudur og Syni.

208.

208. Hvar fyrir kallast hann heilagur Andi?

Ecki alleina, ad hann er heilagur i sinni veru, eins og hinar adrar persoonurnar, heldur og af þvi, ad hann helgar oss mennina, og kallast vor helgari.

209. Hvi lijk er helgan H. Anda?

Yfir hofud ad segia, er hun innifalinn i þvi, ad H. Andi tilbyr manninn so, ad hann fær ordid hluttakandi þeirrar naadar, sem aullum er veitt fyrir Jesum Christum.

210. Hvar med helgar H. Andi oss?

Med Guds ordi og sacramentunum, sem eru vor sáluhiálpar medol.

211.

211. Hverjar eru H. Anda verkanir vid oss?

Þessar, ad hann kallar oss, upplysir, endurfædir, endurnyar oss, og vidheldur i trwunni.

212. Hvad skilur þu fyrir H. Anda kollun?

Ad hann med Guds ordi vekur oss af svefni syndarinnar, bioodandi ollum Guds naad, og saluhialpina.

213. I hverju er upplysing H. Anda innifalin?

I þvi ad hann gefur monnum rettann skilning a Guds ordi.

214. Hvad er endurfædingin?

Hun er giof og veiting trivarinnar: so þad er sama ad vera endurfæddur, og ad vera rettwadur.

215.

215. Því heitir það fæding?

Af því maður fæðist með andligum hætti, það er, fær nytt líf í Guði, undir eins og hann odlast trúna; enn sá endurfæddi kallast dauður í syndunum. Eph. 2.

216. Hvør eru medøl til endurfædingarinnar?

1) Skírnin hiá háurnunum.
2) Guds ord hiá þeim fullorðnu.

217. Hvað er trúin?

Hún er sonarligt traust og tileinkan Guds náðar, sakir Christi forþenustu.

218. Eru margar greinir trúarinnar?

Þriár: 1) þekkingin á Guði, af hans ordi. 2) Samþycki hiartans um Guds orða sannleika. 3) Siálfst trúnaðar-traustið; að maður treidi

reidi sig uppa Guds naud, vegna forpenustu Jesu Christi.

219. Hvor eru kenniteikn ennar saunnu trwar?

1) Elskann til Guds og naungans. 2) Vidbioodur og hatur a syndinni. 3) Alvarligur asetningur ad spornast vid illu, og eflast i thvi gooda.

220. Alitur Gud thann rettrwadann, sem hefir veika trw?

Ad vijsu: thvi hann segir: Eg vil ecki brioota thann braekada reyrinn, og eigi utslockva thann liyttloganda hørkveik. Es. 42. 3.

221. Hvor naadargiorningur Guds fylgir naest eptir endurfædinguna?

Rettlætingin,

222.

222. Hvad er Rettlætinginn?
Hun er naudar verk þess gooda Guds, er hann fyrirgefur þeim rettrwada syndirnar; og tileinkar honum Jesu Christi forþenan og rettlæti.

223. Forskuldar sa rettrwadi ad rettlætast af Gudi?
Engannveiginn: heldur giorir Gud þad alleina af naud og miskunsinni, vegna Jesu Christi verdskuldunar.

224. Hvort naudarverk Guds er næst Rettlætingunni?
Endurnyungin.

225. Hvad er Endurnyungin?
Hun er 1) Sifeldlig mootstrijda og aflat syndanna. 2) Daglig framnfor i Guds otta og goodum verkum: og þetta er eftir ordum postulans, ad aflegga þann gamla-

manninn, og iklædast peim nya manni. Eph. 4. 22.

226. Kann madur sialfur ad vidhalda ser i trwnni?

Nei; pad giorir h. Andi. 1) pa hann auvitar manninn i samviskunni, so opt sem hann syndgar. 2) Leidrettir og frædir, pegar hann gengur afskeidis, og skilur eigi Guds ord retti liga. 3) Huggar pa veiktrwudu af Guds ordi, eda fyrir innvortis vitnisburd. Rom. 8.

227. Verda allir bluttakandi pessara naudarverkana h. Anda?

Allir peir sem eru i kristilegri kirkiu, og piggia pa frambodnu Guds naud.

228.

228. Hvad er kristileg kirkia?

Hun er sofnudur og samqvæmi Kristinna manna, og rettrwadra, hvar sem þeir eru i heiminum.

229. Hvad margslags er kristilig kirkia?

Hun er tvennslags, synileg, eda osynilig.

230. Hvad merkist fyrir þa synilegu kirklu?

Allir menn sem kristnir kallast, og berlega vidurkenna sanna trw.

231. Hvorier eru limer ennar osynilegu?

Aull rettrwud Guds born, sem ad sonnu dyliast fyrir heiminum, enn eigi fyrir Gudi, þvi hann þeckir alla sijna. 2 Thim. 2. 19.

232.

232. Hvorninn adgreinist hin osýniliga kirkia?

Hun er annad hvort strijdandi her a jordunni, eda sigrihroosandi a himnum, sem er sofnudur wtvaldra.

233. Hvor eru lavn peirrar sem nu strijdandi kristni?

Guds naud, syndauna fyrirgefning, og eilijst lijf.

234. Hvad er holdsins upprisa sem pridia greinin minnist a?

Hun er pad, ad Gud mun, a pei m sijdasta deigi, uppvekia pau davdu lijkami manna, og samtengia aftur med peim salirnar.

235.

235. Hvor verda sidann kier peirra upprisnu?

Peir sem gott hafa giort munu framgaunga til eilijfs lijfs, og peir sem ilt hafa giort, til eilijfs davda.

236. Er lijfid margslags?

Preunslags: tijmanligt, andligt, og eilijft.

237. Hvad nefnir pw tijmanligt lijf?

Natturliga sameining millum saalar og lijkama.

238. Hvad er pad andliga lijfid?

Pad er saalarinnar sameining med Gudi, fyrir hanns ibwd i hiarta mannsins.

239. Hvad er eilijft lijf?

Pad er fagnadar vist utvaldra med Gudi, hvar peir munu sia Drottinn avgliti til avglitis, og metrast eilijfliga af nægdar giædum hanns hujs.

240.

240. Er dauðinn margsslags?

Þrennslags; tijmanlligur, andligur, og eilijfur.

241. Hvað er sá tijmanlegi dauði?

Hann er aðskilnaður millum sálar og lijkama.

242. Hvað er andligur dauði?

Hann er missir Guðs ijmyndar úr hiartanu; eða sem Post. segir: að vera dauður í syndunum Eph. 2.

243. Skilst ecki lijka með öðru móti að deyja andliga?

Jú, að deyja andliga merkir og so að deyja frá syndunum, það er að deyða syndsamliga grund holdsins, og sú meining er í þessum orðum: Vér erum greftradir með Christo fyrir skijrnina til dauðans &c. Rom 6.

244.

244. Hvad er sa eilifi daudi?

Hann er allra vantrwadra eilifr utskwfan fra Gudi i hin ytstu myrkur, par vera mun op og gnijstran tannanna.

Um Drottinnliga Bæn.

245. Er bænin margfold?

Tvofold: innvortis bæn i hiartanu, og sa utvortis med munninum.

246. Lætur Gud ser lijka utvortis bæna giord?

Ja: hun er Gudi packnæm, pegar munnurinn mælir af gnægd hiartans: Enn hitt stodar alls ecki, ad naalægast Gud med vørunum, se hiartad par langt fra.

247. Nær eigum ver ad bidia?

Ecki ad eins a helgum daugum, og audrum asettum tijmum, sem god og christilig sidvenia bydur; heldur og ein-

nin skal hiartad jafnann vaka ti Guds i bæninni.

248. Hvad skal upperfa oss til bænarinnar?

1) Vor eigin þaurf og erbyrgd. 2) Guds bod, og fyrirheit um bænheyrsluna.

249. Hvornin a madur ad bwa sig undir bæninа?

Madur skal 1) bidia Gud um hialp og adstod til ad bidia rettiliga. 2) Birda fyrir ser Guds hatign, og sijna eigin lægingu. 3) Sleppa aullum hiegoonligum þaunkum.

250. Hvornin skal madur so bidia?

Med avdmykt hiartans, med heitri alvauru, og trwnadartravsti um bænheyrsluna.

251. Hver ai ad vera stofn og grundvøllur bænarinnar?

Christi helga verdskuldan: þvi hvørs ver bidium Fødurinn i hans nafni, þad vill hann veita oss. Joh. 16. 22.

252. Hvoria varwd skaltu brwka i bæna giordinni?

Um þau natturligu hlutina, so sem lijf, heilsu, og stundligt medlæti, skal eg bidia Gud med þvi fyrordi, ef honum so þocknast, og giai hann mer þad fyrir bestu: enn þess andliga gooda mau eg oska mer fortakslavst, þvi eg veit fyrir vist, ad Gud vill allir menn verdi sauluhoolpnir, og komist til sannleiksins vidurkennings. 1 Thim. 2.

253. Hvor er su fullkomnasta og besta bæn?

Fadir vor, sem Drottinn kendi sijnum læri-sveinum, og oss allum ad bidia med.

254. Hvornin sundurskiptist Drottinleg bæn?

I inngangginn, Sio bænirnar, og nidurlægid.

255. Hvornin hlioodar inngangurinn?

Fadir vor, þu sem ert a himnunum.

256. Hvorn nefnir þu her fadur?

Allar þriar Guddoomsins personur, Fadur, Son og H. Anda.

257. Hvi verdur Gud avarpadur i bæninni sem fadir?

1) Til ad minna oss a, ad hann er vor sannur fadir, enn ver allir hanns born,

born, og ad þvi leiti hvor annars broodir og systir. 2) Ad ver, med þvi stærra trwnadartravsti, meigum bidia hann, sem god born bidia sinn fædur.

258. Hvar fyrir segir þu Fadir vor a himnum?

Til ad minna mig a Guds almætti og hæiign, hvors hæsæti himininn er, enn jordinn fótskor hanns foota.

Fyrsta Bænin.

Helgist þitt nafn.

259. Hvad merkist her fyrir Guds nafn?

Sialfur Gud, og hanns heilaga ord.

260. Er ecki Guds nafn i sjalfu sjer heilagt?

Ad vissu, enn ver bidium, og skulum ustunda, ad pad einnin vegsamist og helgist medal vor.

261. Hvornin helgast Guds nafn vor ai medal?

1) Pegar Guds ord er predikad hreint og klart. 2) Pegar ver so sem Guds born lifum eftir pvi.

262. Hvorninn vanhelgast Guds nafn?

Med raungum lærdomi; og ogudlegu lijferni.

Annar Bænin.

Tilkomi pitt rijki.

263. Er Guds rijki margslags?

Prennslags 1) Hanns magtar rijki, i hvoriu hann stiornar med almætti ollum hlutum ai himni og jordu. 2) Nad-

Naadarrijki, i hvoriu hann med naad stioornar sinni Kristni her a jordunni. 3) Dyrdarrijki, i hvoriu h. englar og þeir utvolldu, lifa med Gudi um alla eilijfd.

264. Um hvort af þessum rijkis um bidium ver i annari bæninni?

Um hanns naadar og dyrdarrijki.

265. Hvornin kemur Guds rijki til vor?

Þegar ver fyrir naadar verkan h. Anda trwum Guds ordi, og lifum eptir þvi.

266. Hefir ecki Satan og so rijki?

Jai: Undir hanns rijkis stiornan eru heimsins born, þad eru allir vantrwadir. Post. segir: ad hann sie gud þessarar veraldar, krøptug

ur i hørnum vantrvarinnar. 2 Cor. 4. Eph. 2.

þridia Bœnin.

Verdi þinn vilie so a jordu sem a himnum.

267. Hvad er Guds vilie?

Ad ver fyrir hanns ord eflumst i trwnni, og heilogu lifierni alt til æfiloka. Post. segir: þad er vilie Guds, ydar helgan. 1 Thess. 4. 3.

258. Hvornin skedur þessi Guds vilie?

Med þvi, ad ver lautum oss stiornast af Gudi, þegar hann hindrar vor ill rad, og ogudligann asetning.

269. Hvor hindrar Guds vilia?

1) Diofullinn, þegar hann fær nockurum snwid fra Gudi, i synd og fyrirdœming. 2) Heimurinn, eda þeir ogudligu, sem þraliga briota

Guds

Guds villia, þionandi syndinni og diofliniun. 3) Vort eigid hold og blood, er þad rækir sijnar vondar girndir, sem eru fiandskapur i gegn Gudi. Rom. 8. 7.

Fiorda Bœnin.

Gief oss i dag vort dagligt bravd.

270. Hvad skilst hèr fyrir bravd?

Allt þad sem oss er navdsynlegt tijl lijfs uppheldis.

271. Hvar fyrir segium ver i dag: eda þvi nefnist dagligt bravd?

Þar af skulum ver læra ad nægiast med vort dagligt uppheldi, og kvijdum ecki morgun deginum, heldur kaustum vorri ashyggu uppa Drottinn, sem elur onn fyrir sijnum.

272. Er þad baunnud audl lifsins fyrir hyggia?

Engannveginn: rett og skyldugt er ad leita med Guds otta og goodri forsioon, naudsynligrar atvinnu, því i sveita vors andlitis skulum ver vors bravds neyta. Gen. 2. Enn þar vid at ecki skylt, hiegoomlig bvksorg og agirni eftir meiru enn þorfin kresur.

273. Því segir þu, gef oss vort bravd?

1) Þar bid eg Gud, ad meiga neyta mijns eigins bravds med rettu mooti, enn ecki annara med rangindum. 2) Er eg skyldugur ad oska so audrum goods sem sialfum mer.

274. Hvor er vor skylda vid Gud fyrir dagligt bravd?

Ver skulum vidurkenna, ad allir godir hlutir eru hanns gaefur, og biggia tau med lofgiord og thacklæti.

Fimta Baenin.

Fyrirgief oss vorar skuldir, so sem ver og fyrirgefum vorum skuldu-nautum.

275. Hvad skilst her fyrir skuldir?

Vorar syndir med peirra forpentu straffi.

276. Hvorer kallast vorir skyldu nautar?

Allir peir sem hafa giort oss nockud a mooti.

277. Hvoriu lofum ver Gudi i þessari bæn?

Ad ver vilium, fyrir Guds sakir, vægia og til gefa þeim sem nockud hafa aflaga vid oss giort, og eftir Christi bodi, vera odrum miskunsamir, eins sem Gud er miskunsamur a moti oss.

Siøtta Bænin.

Eigi leid þu oss i freistni.

278. Er freistnin margslags?

Tvennslags: til þess gooda, og til þess vonda.

279. Hvor freistar vor til þess gooda?

Gud sialfur: það er, hann reynir oss margvijsliga, ad hann þannig æfi, efli og avki vora trw von og þolinmædi.

280.

280. Bidium ver þai ad Gud freisti vor ecki?

Nei heldur bidium ver 1) Ad hann eigi freisti vor framm yfir vora veiku krafta. 2) Ad hann vardveiti og styrki oss a moti freistingum vorra ovina.

281. Hvorier eru þeir ovinir sem freista vor til eins vonda?

Diofullinn, Heimurinn, (eda vondir menn i heiminum) og vort eigid hold.

282. Hvornin freistar Diofullinn vor?

Med þvi ad uppkveikia i hiartanu vondar hugrenningar, og aisetning til ad syndga, eins og hann giordi vid Judas. Joh. 13.

283. Hvornin freistar heimur inn vor?

Med tillockan til þess vonda, og med hneigsli.

284. Hvad er hneigsli?

Allt hvad ver steytum oss a, eda oss leidir til syndarinnar.

285. Er hneigslid margfaldt?

Tvofaldt. 1) Gesid hneigsli, eda ill eptirdæmi, sem leida til hrosinnar. 2) Tekid hneigsli, þad eru annara god ord eda verk, sem oss raungliga verda ad asteytingar steini.

286. Hvornin freistar vor vort eigid hold?

Med til hneiging og lyst til syndarinnar. Post. segir: Hvor einn freistast, nær hann tilreyzist af sinni eigin girnd, og lockadur verdur. Jac. 1. 14.

287. Hvorsu fær madur sigrad
þær vondu freistingar?

Ver skulum, sem Kristur kendi sjnum læriſveinum, vaka og bidia, ſo eigi føllum ver i freistni. Math. 26.

Siøunda Bœnin.

Heldur frelſa oss fra illu.

288. Hvorsu margfaldt er þad
illa, sem ver afbidium i
þessari bœn?

Tvofaldt, lijkamligt, og andligt.

289. Hvad er þad lijkamliga illa?

Allt stundligt motlœti, ſo sem 1) Heilſubrestur, og adrar lijfins mæinsemdir. 2) Fiartion, volœdi, og skortur a dagligu bravdi. 3) Skomm, og hnecking a virdingu vorri, og godu mannordi.

290.

290. Hvad er pad andliga illa?

Pad sem grandar saalunni, syndinn, vanrækinn, og ad lokum eilijf fyrirdæming.

291. Hvad ilt er oss skadvænligast?

Pad andliga, sem saalina snertir, pvi likamligt motlæti er oss opt og tijdum til ens besta, og skyldugt ad ver medtokum pad sem heilsu samligann kross af hendi Guds.

292. Hvornin verdur krossinn oss ad godu?

Med pvi moti. 1) Ad hann hindrar oss frá pvi ad syndga. 2) Kennir oss ad peckia vorn vanmatt. 3) Upphvetur oss ad leita lids og liknar hiá Gudi. 4) Uppvekur hiá oss lon-

un til ad leysast her frai, og komast i Guds dyrdarrijki.

293. Hvonær frijast Guds børn frai aullu illu?

J davdanum, þegar root syndarinnar upprætist, þad er, þegar þaug eigi fyndga framar.

294. Hvad er nidurlagid ai Drottinnligri bæn?

Þviad þitt er rikid, mattvrinn og dyrdin ad eilijfu Amen.

295. Þvi verdur minst ai þetta sijdast i bæninni?

Til þess ad styrkia oss i trunni um bænheyrsluna: þvi med þessum ordum verdur oss synt, ad Gud hefur alla hluti undir sinni stiorn og valdi, og honum er alls ecki um megn, ad hialpa oss i aullum lijfs og salar navdsynium.

296.

295. Því endar þu bænina med þessu ordi Amen?

Med því ordtæki oska eg i hiartanu, ad mijnar bænir til Guds, seu i Christo Ja og Amen.

297. Gefur Gud avalt þad hann er bedinn um?

Nær hann er rettiliga bedinn, þa gefur hann annad hvort þad umbedna, edur annad er hann ser fyrir oss framar nytsamligt vera.

298. Bænheyrir Gud alltid strax?

Stundum dregur hann undan bænheyrsluna, ad ver þess optar og alvarligar bidium, og ækaullum hans nafn.

Umm

Um Sacramentin.

296. Hvad er eitt sacramentum?

Það er ein heilög skipan Guðs almættugs, í hvorri hann með sýnilegum medolum veitir, og stadfestir með oss sína naud og ósýnilig gædi.

300. Er margslags esui í hvoriu sacramenti?

Tvennslags, jardneskt, sýniligt; og himneskt ósýniligt.

301. Voru maurg sacramenti í gamla testamentinu?

Tvo; Umskurnin, og Páskalambid.

302. Eru maurg sacramenti nyatestamentisins?

Einnin tvo; Skírnin, og Drottins qvoldmaltíjd, er Kristur innsetti í stad hinna fyrru.

Um

Um Sacramentum Skyrnarinnar.

303. Er margfalds veruligt efni skirnarinnar?

Tvennfalds. Vatnid og H. Andi: so sem Kristur segir: Nema nockur verdi endurfæddur af vatni og Anda, hann kann ecki ad erfa Guds rijki. Joh. 3. 5.

304. Hvonær sameinist H. Andi med vatninu?

Vid pessi ordin: Eg skijri pig i nafni Guds Fadur, Sonar, og heilags Anda.

305. Hvor er nytsemi skyrnarinnar?

1) Ad hun frelsar oss fra syndinni, daudanum og dioflinum. (Sia 186. Spurningu.) 2) Gefur eilijft lijf

og

og sáluhialp ollum þeim er trúa. Kristur segir: Hvor hann trúir og verdur skírdur, sá skal holpinn verda: enn hvor eigi trúir, skal fordœmast. Marc. 16.

306. Þar Kristur hefur oss þetta afrekad, hvi tileinkast þad þá skírninni?

Skírnin er einasta medal til þess, ad ver niótum þeirrar frelsunar, sem oss er veitt í Christo.

307. Verda þá allir sáluhólpnir sem eru skírdir?

Nei, þeir einir erfa Guds ríki, sem skyrdir eru, og standa stodugir í trúnni alt til lífsins enda.

308. Hvar fyrir kallast skírninn ein laug?

Þviad, so sem madurinn hreinsast í laugínni af líkamans saurendum, so hrein-

yreinsast og bornin i skijrninni af syndarinnar sekt og saurgun.

309. Hvi nefnist skijrnin endursædingar og endurnyungarlavg?

Þviad vid þetta helga einbætti fædast bornin ad nyu; þad er, af dasamligri verkan H. Anda, odlast trwna a Christum.

Enn þeir fullordnu edurnyast her, og þiggia af Gudi enn fremri styrk og avkning truarinnar.

310. Fortapast ungbornin sem deya uskijrd?

Nei missir skijrnarinnar veldur einkis syrirdæmingu, heldur vijsvitanlig vanrækt a þessu sauluhialpar medali.

311.

311. Hvern saattmaala giordi Gud vid þig i skijrninni?

Hann lofadi ad vera minn naadugur Gud og fadir, frelsa mig frá ollu illu, og ad æfi lokum gefa mer eilijft lijf.

312. Hverju lofadir þu Gudi aptur á moti?

Ad eg vildi trúa á Gud, og honum þiona alla mijna lijfdaga: enn hafna fiandanum og ollum hans verkum.

313. Efnir Gud það hann lofadi i þer i skijrninni?

Ad vijsu: því hann er trufastur og kann eigi ad ljúga. Rom. 3. 3. Jer. 10. 10.

314. Kantu einnin ad fylla þitt skyrnarsæri vid Gud?

Eigannveiginn sem ber: enn ef eg trwi, þa aliitur Gud mig eins og eg hafi þad fullkomliga efnt.

315. Hvornig brytur madur sinn skijrnar sattmala?

Þad skedur hvenær sem madur syndgar opinnberliga og vijsvitandi, eda leidist til andligs andvaraleysis, og gleymir ad vaka og bidia: þvi þa ma segia ad hann se hvorki heitur nie kaldur. Apoc. 3.

316. Skal sa þa skijrast ad nyu sem rofid hefir skijrnar sattmalann?

Nei: þvi sattmalinn af Guds hallfu er orofinn; Enn þo hlytur madurinn ad endurfædast fyrir Guds

ord,

ord, og at-nya sitt skijrnar loford mid idran og yfirbot.

317. Kantu þat vera þess fullviss ad Gud vill taka þig til naadar aptur?

Jau, vissuliga: þvi hann segir sialfur. Hve nær sem hinn ogudlegi snyr ser fraa sijnu ogudligæ at hæfi, þat skal hann lifa og ecki deya. Ezech. 18. 27. og Kristur segir: Komed til min allir þer sem erfidi drijgid, og erud þyngæ piaadir, eg vil endurnæra ydur. Mat. 11.

318. Eru margir partar sannrar idrunar?

Tveir: hugaraungrid og trwin; enn ny hlydni, edur at setningur betra lijfernis, er auvextir trwarinnar.

319. Hvad er þetta hugaraungur?

Það er 1) Ad þeckia og vidurkenna synd sijna. 2) Ad hrellast og an-

graft i hiartanu, af þvi madur hefir styggt sinn goda Gud og faudur. 3) Ad hafa vidbiód og hatur til syndarinnar.

320. Er idranin margslags?

Tvennslags. 1) Idran þeirra faullnu, þad er þeirra sem fallid hafa frá Gudi; eda eigi voru fyrr i Guds barna rod. 2) Idran þeirra sem standa: eda sá tregi sem enir endurfæddu hafa dagliga fyrir sijnar breyskleikans syndir.

321. Hvad ætlar þu vera þann gamla Adam sem her getur üúl i fræduunum?

Eg skil fyrir hann syndum spilta naatúru, þad er üppruna syndina, sem ver höfum erfót eptir Adam.

322. Hvad skál giora vid þenna gamla Adam?

Hann at ad dreckiast og deydast; þad er madur a dagliga ad motstrijda

da spilling natturunnar, og eigi lata eptir holdinu þess girndir ad rækia.

323. Hvad er sa nyi madur?

Það er sama sem endurnyan, eda betran lifernisins.

324. Hvornin a þessi nyi madur dagliga ad upprijsa i oss?

Þannig, ad ver latum oss altid meir og meir fara fram i hinu goda; eda sem Post. segir: endurnyumst i anda vors hugskots. Eph. 4. 23.

325. Hvijlijka þanka a skyrnin dagliga ad uppvekia hia oss?

1) Ad minnast þess, hvoriu ver hofum þar Gudi lofad. 2) Astunda ad efna það loford. 3) Gledia oss vid Guds heit og sattmala, sem aldreigi færist ur skordum.

Um Sacramentum Altarisins.

326. Hvad er sacramentum Altarisins?

Pad er ein su heilaug skipan Jesu Christi, ad ver kristnir menn skuluni, med og undir braudi og vijni, medtaka hanns lijkama og blod.

327. Hvemargslags hlutir eru i Altaris sacramentinu?

Tvennslags; tveir jardneskir synilegir, eda natturligt braud og vijn; og tveir himneskir osynilegir, semeru Christi sannarligur lijkami og blod.

328. Kantu trwa thvi ad Christi lijkami og blod sie naelægt i sacramentinu, er thu sier thad ecki?

Vissuliga; thad votta berliga thessi Christi ord, takid og etid, thad er minn lijkami, dreckid, thad er mitt blod. 327.

329. Hvernin ma þetta ſke?

Jeſu Chriſti lijkami og blod ſameinaſt med bravdinu og vijninu, undir eins og eg medtek þad: ſo eg bergi Chriſti lijkama med og undir braudinu, og hanns blod, med og undir vijninu.

330. Umbreytiſt þa bravdid i Chriſti lijkama, eda vijnid i Chriſti blod?

Nei: heldur ſamteingiſt hvad vid annad, eptir þvi ſem Poſt. ſegir: Sa bleſſadi kaleikur, hvørn ver bleſſum, er hann eigi ſameining Chriſti blods? og bravdid hvort ver brjotum, er þad eigi ſameining Chriſti likama? 1 Cor. 10.

331. Hvonær innſetti Kriſtur altaris ſacramentum?

Seint um qvold, adur enn hann var forradinn, og þvi kallaſt þad Drottins qvoldmaltijd.

332. Hvor ord og atvik brwkadi Kristur i innsettningu h. Qvoldmaltijdar?

Hann took bravdid, giordi packir, og bravt pad, og gaf sijnum lærisveinum, og sagdi; takid og etid, pad er minn lijkami sem, &c. Hann took kaleikinn, giordi packir, gaf sijnum lærisveinum og sagdi, dreckid allir her af &c.

333. Hvorier eiga ad medtakast til Altarisins sacramentis?

Rett-Kristnir menn, sem fengid hafa pann aldur og pecking i sijnum kristindomi, ad peir kunni ad profa og ransaka sialfa sig.

334. Hvorium a ad vijsa fra sacramentinu?

Peim sem drygt hafa opennberar stor syndir, eda forakta petta saluhialpar medal: lijka peim er, fyrir vankunnattu eda ovitsku sakir, kunna

cigi

eigi ad profa sialfa sig. Þessum verdur rettiliga frauvijsad, þangad til þeir vidurkenna synd sijna, og giora bøt og betran.

335. Hversu opt skal madur ganga til Guds bords?

Þar til er eingi viss tijmi aqvardadur, enn ad þad skuli optar enn sialdan ske, er avdradid af þessum ordum. So opt sem þer etid af þessu brauði, og dreckid af þessum kaleik, skulud þer kunngiøra dauda Drottins, þangad til hann kemur. 1 Cor. 11.

336. Hvad skal oss knya til ad giora þad optliga?

Christi skipan, og naudar tilbod þar næst vor eigin naudsyn, og þorf salarinnar.

337. Skal einn ganga til Guds bords, finni hann eigi laungun hiá sér til þess?

Ad vijsu: því girnist hann af hiarta ad fá andliga lysting, og verda verdugur Drottins bordgestur, þá hefur hann hlutdeild í því er Kristur sagdi: Sælir eru þeir, sem hungrar og þyrstir eptir rettlætinu, því þeir munu saddir verda. Mat. 5. 6.

338. Hverja nytsemi hefur madur af rettilegri brukan altarisins sacramentis?

Hann styrkist í trunni um Guds naid, og syndanna fyrirgefning.

339. Hvernig má það ske?

Það skedur einkanliga fyrir andligann og Gudligann krapt sacramentisins, ad samverkanda helgum Anda. Þar næst orvast eg styrkist mijn trwa, er eg veit, ad eg undir

brav.

bravdinu medtek Christi helgasta lijkama, ai hvorium hann lidid hefur mer til frelsis; og undir vijninu hans blood, sem hreinsar mig og þvær af allri synd. 1 Joh. 1. 7.

340. Missir sa syrirgefning syndanna. er hindrast frai ad brwka þetta sacramentum?

Nei: ef hann er rettruadur, þai nægir honum sii andliga navtnin, sem er truin. Joh. 6.

341. Hvors straffs aflar hann ser, er overdugur gengur til Guds bords?

Han etur og dreckur sialfum ser dom; og verdur sekur vid hold og blod Drottins: þad er, hann leidir yfir sig Guds reidi, er hann tredur saurtmaulans blod undir footum.

342. Hvornig skal madur bua sig undir Herrans qveldmaultid?

Hann skal bidia Gud um h. Anda hialp til verdugligs undirbwnings:

og

og þar næst prosa og ransaka sialfann sig.

343. Hvad skal madur prosa hia sialfum ser?

Sitt framferdi, og sijna trw.

344. Hvoruin skal madur prosa sitt framferdi?

Hann skal bera sinn lifnad saman vid Guds bodord, og ransaka hvört hann hefur eigi med paunkum ordum, og giordum, framid pad sem þar bannad er, eda forsomad hvad þar er skipad.

345. Hvornig fer madur prosad sijna trw?

Hann skal, eptir Evangelii reglu, leita hia sialfum ser ad truarinnar avegsti og kenniteiknum; sem er elskan til Guds, og kiærleiki til naungans.

346.

346. Nær einn eptir þessa profan, þeckir sig sekann fyrir Gudi; hvad skal hann þar giora?

1) Ber honum af hiarta ad angrast yfir sijnum syndum. 2) Lofa Gudi og sinni samvitsku, ad giora boot og betran. 3) Reida sig midt i þessu uppa Guds naadar fyrirheit, og Jesu dyrmætu forþenustu; og ganga so til Guds bords.

347. Med hvoriu hugar fari skal madur so ganga til Drottins qvøldmaaltijdar?

Hann skal 1) Snua sijnum paunkum frar jardneskum hlutum, og upplypta þeim til Guds. 2) Med, stærstu hiartans avdmykt, þenkia um Guds hatign, og sinn overdugleika. 3) Gudrækiliga virda fyrir ser Jesu davda, og hans blods uthellingu, anllum heiminum til fridþægingar. 4) Trua þvi og treysta, ad þessi

Jesu

Jesu likami og blod, er hann nu medtekur, sie einn pantur um Guds naud, og syndanna fyrirgefningu, medtaka so sacramentid med bæn, hiartans fognudi, audmykt, og packargiord.

348. Hvornin skal madur hegda ser, eptir pad hann hefir medtekid sacramentid?

Hann skal Idugliga minnast pess, 1) hvoriu hann sijdast lofadi Gudi i sijnum skriptar gangi, pad er, siau vid syndunum framveigis. 2) Hvorsu stor virding pad var ad heita Jesu brwdur, og vera hans bordgestur i sacramentinu. 3) Hvijlijk synd pad er, ad stygga hann ad nyu med vijsvitandi syndum. 4) Einsetia ser ad pocknast og piona honum alla sijna lijsdaga.

349. Hvors mai sa vænta fer, er lifir med pessu hugarfari alt til enda?

Ad verda Guds barn, og erfingi himnarijkis.

Cl. Borgfirdinga.

(Ekki til á Landsbóka-safninu.)